



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Reykjavík 2. júlí 2015

Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

1506046NA KEF
Málalykill: 961

Efni: Úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2015

Hér með tilkynnist að stjórn Námsleyfasjóðs, sem fer með málefni Endurmenntunarsjóðs grunnskóla, hefur lokið úthlutun fyrir skólaárið 2015-2016. Alls bárust umsóknir um styrki til 219 verkefna frá 86 umsækjendum upp á ríflega 112 millj. króna. Ákveðið var að veita styrki til 214 verkefna og nam heildarfjárhæð styrkloforða kr. 44.432.000.

Hér með staðfestist að **Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar**, kt. 490996-2149, hlýtur styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla að hámarki **1.980.000,-** kr. sem svarar til **180 kennslustunda hið minnsta** til verkefnanna:

			Hámarksfjöldi kennslust. skv. umsókn
FORVARNIR	OG	STARFSVIÐMIÐ	
FORVARNA			105
LÆRDÓMSSAMFÉLAG Í SKÓLAUMHVERFI			80
STÆRÐFRÆÐILÆSI TIL ÁRANGURS			80
VINNUVERND OG RADDTÆKNI			50
UPPLÝSINGATÆKNI TIL SKÓLAPRÓUNAR			125
LESTUR ER LÍFSINS LEIKUR			225

Styrknum skal varið til símenntunar **félagsmanna Félags grunnskólakennara (FG) og Skólastjórafélags Íslands (SÍ)** og skal honum varið til leiðsagnar skv. umsókn.

Stjórn Námsleyfasjóðs felur hlutaðeigandi styrkþega að taka endanlega ákvörðun um ráðstöfun styrksins og forgangsraða þeim verkefnum sem styrkur er veittur til, t.d. fjármagnað eitt þeirra að fullu og sett annað/önnur í bið. Ekki er gert ráð fyrir að styrknum sé varið til annarra verkefna en upp eru talin hér að ofan.

Í 6. grein reglna um Endurmenntunarsjóð grunnskóla er kveðið á um skriflega samninga um útfærslu verkefna og greiðslur og fylgir slíkur samningur hér

með. Samningurinn er í tveimur eintökum og er ætlast til að bæði eintök séu undirrituð og öðru skilað aftur til stjórnar Námsleyfasjóðs sem allra fyrst.

Gert er ráð fyrir að verkefninu/verkefnunum verði lokið í lok skólaársins 2015-2016, í síðasta lagi. Að öðrum kosti fellur styrkurinn niður. Meðfylgjandi er einnig eyðublað fyrir greinargerð ásamt eyðublaði fyrir staðfestingu þátttakenda sem ber að skila til stjórnar Námsleyfasjóðs að verkefni loknu. Styrkir verða ekki greiddir fyrr en fullnægjandi greinargerð hefur verið skilað og tryggt er að verkefnið/verkefnin hafi náð fram að ganga samkvæmt þeirri áætlun sem fram kemur í umsókn. Hafi fullnægjandi greinargerð ekki borist í síðasta lagi **1. september 2016** fellur styrkur niður.

Virðingarfyllst
NÁMSLEYFASJÓÐUR

Klara E. Finnbogadóttir

Klara E. Finnbogadóttir
starfsmaður stjórnar Námsleyfasjóðs

Vakin er athygli á upplýsingaveitu fyrir fræðslutilboð sem ætluð eru kennurum, skólastjórnendum, kennslu-, náms- og starfsráðgjöfum í leik-, grunn, framhalds- og tónlistarskólum (sjá hjálagað bréf frá formanni fagraðs um símenntun og starfspróun kennara).

Markmið upplýsingaveitunnar er að miðla og veita yfirsýn yfir fræðslutilboð sem er ætlað að styrkja fyrrgreindar starfsstéttir. Geta fræðsluaðilar sett inn upplýsingar um tilboð sér að kostnaðarlausu að höfðu samráði við starfsmann fagraðs, Sólrúnu Harðardóttur, sem veitir allar nánari upplýsingar, solrun@namsmat.is. Upplýsingaveituna er að finna á vef Fagraðs um símenntun og starfspróun kennara, www.starfsprounkennara.is.